

Skýrsla Æskulýðsnefndar Skugga 2012



Í æskulýðsnefnd Skugga starfa 5 manns.

Auður Ásta Þorsteinsdóttir

Ásberg Jónsson

Rúnar Karl Jónsson

Ágústa Hrönn Óskarsdóttir

Monika Kimpfler

Fyrsti fundur ársins var haldinn í janúar þar sem starfið var skipulagt. Í Skugga eru um 30-40 virk börn og unglingar sem taka þátt í því starfi sem æskulýðsnefndin býður uppá.

Knapamerki

Vetrarstarfið hófst með knapamerki 1 og 3 í samstarfi við Grunnskólann í Borgarnesi, Þetta er hluti af vali í skólanum þar sem skólinn sér um bóklega hlutann og við í Skugga um þann verklega, og var Heiða Dís Fjeldsted kennari. Útskrifuðust 8 unglingar úr knapamerki 1 og 7 unglingar úr knapamerki 2 nú í vor.

Ferð á meistaradeild

Ákveðið var að mæta óskum um það að fara á mót í meistaradeildinni og varð tölkeppnin fyrir valinu þann 23. febrúar. Farið var með rútu austur og gátu foreldrar og forráðamenn skráð sig með börnunum og unglingunum enda var þetta hugsað sem fjölskylduferð. Góð þátttaka var í þessa ferð en um 16 börn og unglingar fóru í ferðina og 14 fullorðnir.

Fjölskyldureiðtúr

Fjölskyldureiðtúr var farinn sunnudaginn 11. mars en það er árlegur viðburður. Veðrið var ekki upp á sitt besta þennan dag og var því þátttakan ekki mjög góð. Þó voru nokkrir sem ekki létu slæmt veður á sig fá og mættu í reiðtúr og kaffi á eftir.

Reiðnámskeið

Okkur er mikið í mun að börnin okkar fái góða kennslu og ákváðum við því að bjóða upp á tvennskonar reiðnámskeið í vetur. Annað námskeiðið var ætlað fyrir þau börn sem eru að stíga sín fyrstu skref í reiðmennskunni, sá Heiða Dís Fjeldsted um það námskeið og á það mættu 8 börn á aldrinum 5-11 ára. Þar var farið í undirstöðuatriðin, gerðar æfingar inni í reiðhöll og farið í stutta útreiðartúra um nágrennið. Í síðasta tímanum undir vorið var svo riðið upp í Lund með nesti og nýja skó og foreldrar voru boðnir með.



Hitt námskeiðið var hugsað sem námskeið fyrir meira vana með áherslu á keppnisþjálfun fyrir þau sem farin eru að reyna fyrir sér þar en það er stór hluti barna og unglunga hjá félaginu. Um þetta námskeið sá Sigvaldi Lárus Guðmundsson og á það mættu 10 börn og unglingar. Á þessu námskeiði var farið yfir hverja gangtegund fyrir sig, reglur í sambandi við keppnir og var meðal annars tekið video af krökkunum og farið yfir þau með þeim. Þetta námskeið reyndist mjög vel eins og sýndi sig t.d. á landsmóti hestamanna þar sem börnin frá Skugga stóðu sig einkar vel en tekin var sú ákvörðun við upphaf

námskeiðsins að Sigvaldi fylgdi þeim sem þangað færu og væri þeim stuðningur fram yfir mótið.

Ratleikur

Þann 22. apríl var farið í ratleik á hestbaki. Þetta er orðinn árviss viðburður og er mjög skemmtilegur leikur fyrir alla hestfæra fjölskyldumeðlimi. Skipað var í 4 lið sem öll fengu sömu þrautir en ræst var með nokkurra mínútna millibili. Leikurinn sjálfur tók um klukkustund en refsistig eru gefin fyrir að hleypa og því hentar leikurinn fyrir alla, einnig þá óvönu. Eftir ratleikinn voru grillaðar pylsur fyrir utan félagsheimilið og svo var verðlaunaafhending en það voru veitt verðlaun fyrir liðið sem kom í mark á besta tímanum og svo einnig fyrir einstaka þrautir. Allir fengu skemmtilega glaðninga fyrir sína bestu frammistöðu, eins og til dæmis í að rétta skeifu, teikna myndir, yrkja vísur og smíða glugga. Verðlaunin voru heldur ekki af verri endanum, naglakassar, hestakögglar, bangsar, bækur og fleira. Verðlaunin gáfu Limtré Vírnet, Hagkaup, Kaupfélag Borgfirðinga og Arion banki og kunnum við þeim góðar þakkir fyrir.



Ratleikur



Verðlaunaafhending fyrir besta tíma í ratleik

Keppnisæfing

Laugardaginn 2. júní var haldin æfing fyrir þau börn og unglunga sem voru á keppnisnámskeiðinu þar sem farið var yfir prógrömmun þeirra fyrir úrtökuna fyrir landsmótið og þeim gefin einkunn frá dómurum. Þeim voru einnig gefnir punktar um það hvað það væri sem þau þyrftu helst að laga fyrir úrtöku. Eftir æfinguna var pizzahlaðborð í félagsheimilinu.

Landsmót hestamanna



Úrtaka fyrir landsmót var haldin 9. júní og kom þá í ljós hvaða 3 börn og 3 unglingar yrðu fulltrúar Skugga á landsmóti 2012. Sigvaldi hélt áfram að þjálfa þau fram að móti og fylgdi þeim svo þangað. Það má segja að börnin frá Skugga hafi staðið sig með eindæmum vel á landsmóti hestamanna í sumar. Öll þrjú börnin sem kepptu fyrir Skugga komust í milliriðil en það voru þau Arna Hrönn Ámundadóttir, Gyða Helgadóttir og Aron Freyr Sigurðsson. Af þeim fóru svo Gyða og Aron Freyr upp í B-úrslit og Aron Freyr vann sér svo rétt inn í A-úrslit og endaði þar í 2. sæti. Þetta er einstakur árangur og má að miklu leiti þakka hann þeim góða undirbúningi og þjálfun sem krakkarnir fengu hjá Sigvalda um veturinn og fram að móti. Unglingarnir okkar Axel Örn Ásbergsson, Atli Steinar Ingason og Sigrún Rós Helgadóttir stóðu sig einnig mjög vel á landsmótinu en þau enduðu í sæti 40-42, merkilegt en satt öll með sömu einkunn.



Aron Freyr og Hlynur,



Gyða og Hermann.



Arna Hrönn og Bíldur.

Unglingaferð

Unglingaferð Skugga var farin helgina 11.-12. ágúst. Það voru 6 drengir og 3 stúlkur á aldrinum 13-17 ára sem fóru í þá ferð á samt farastjórunum, Ásberg og Rúnari.

Lagt var af stað með rekstur frá Hesthúsahverfi Skugga um hádegi á laugardegi í grenjandi rigningu. Þá var stefnan tekin vestur að Langá, farið upp með henni, yfir Valbjarnarvallahamúla og niður að Langavatni og gisti þar í leitarhúsinu Torfhvalastöðum. Eftir ansi blautan og ævintýralegan dag gæddu ferðalangar sér á dásemdar steik í boði Gæðakokka í Borgarnesi og svo var glens og gaman fram eftir nóttu að hestamanna sið. Á sunnudagsmorgun var byrjað á að kíkja á járningar en ansi margar skeifur dattu undan í fjallinu deginum áður. Lagt var svo af stað um hádegið og riðið niður að Gljúfurá, yfir hjá Stað og Stangarholti og niður með Langá aftur og ruðningurinn heim. Rigningin var heldur minni þennan dag en enginn er verri þó hann vökni og allir komu heilir og hamingjusamir heim.



Lokaorð

Æskulýðsnefnd Skugga hefur það að leiðarljósi að bjóða uppá bæði skemmtilegt og fræðandi starf fyrir börn og unglunga í félaginu og oftast en ekki er boðið upp á viðburði sem sameina alla fjölskylduna. Við reynum að hafa viðburði, skemmtanir og námskeið sem henta öllum, bæði þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennskunni og einnig þeim sem lengra eru komnir. Við erum afar stolt af þeim árangri sem er farinn að sýna sig hjá börnunum okkar og unglingunum á keppnisbrautinni og þökkum það þeim frábæru námskeiðum sem við höfum verið að bjóða uppá jafnt fyrir þau óvönu sem og vanari. Við hjá æskulýðsnefnd Skugga erum stolt af okkar starfi og horfum björtum augum á framtíðina og teljum að æskulýðsstarf hjá félaginu eigi eftir að vaxa og styrkjast enn meira.